



# REGLUGERÐ

## Um mótanefnd

### 1. gr.

Mótanefnd skal skipuð fimm aðilum. Stjórn ÍHÍ skipar nefndina.

### 2. gr.

Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóta, Bikarmóta sem og annarra móta sem henni eru falin og leikin eru undir merkjum ÍHÍ. Mótanefnd getur falið framkvæmdastjóra ÍHÍ framkvæmd einstaka þátta í mótahaldi.

### 3. gr.

Mótanefnd auglýsir eftir þátttökutilkynningu um þau mót sem ákveðin eru. Nefndin auglýsir skilafresti á þátttökutilkynningum, sem skulu vera skriflegar. Nefndin ákveður keppnisdaga og tímasetningar leikja.

### 4. gr.

Mótanefnd á að samþykkja keppnisvelli og leita eftir samþykki vallareiganda á notkun þeirra til keppni á auglýstum mótum.

### 5. gr.

Mótanefnd skal boða til móts með sannanlegum hætti með minnst viku fyrirvara. Allar breytingar á mótaskrá skal tilkynna með sannanlegum hætti til þátttakenda í viðkomandi móti.

### 6. gr.

Mótanefnd skilar dagskrá móta sem ákveðin eru til dómaranefndar og framkvæmdastjóra ÍHÍ.

### 7. gr.

Mótanefnd sér um verðlaun og afhendingu þeirra, á mótum sem falla undir ÍHÍ.

### 8. gr.

Öll málefni mótanefndar sem samkvæmt gildandi reglum eiga að ákvarðast af stjórn ÍHÍ, skulu send stjórninni áður en mótanefndin afgreiðir málið.

### 9. gr.

Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar ÍHÍ mánuði fyrir Íshökkíþing.



## 10. gr.

Vinnureglur varðandi hugsanlega frestun leikja og móta er hluti af reglugerð þessari.

### Vinnureglur varðandi hugsanlega frestun leikja og móta

#### Meginregla varðandi meistaraflokksleiki karla og kvenna:

Að undirbúningur ferðar sé með eðlilegu móti að gert sé ráð fyrir að ferð sé farin og að lið/félög reikni með að fara en endanleg ákvörðun sé tekin að morgni ferðadags, þ.e. fyrir klukkan 09.00, um hvort leikur fer fram eður ei. Heimilt er að fresta ákvörðun um tvær klukkustundir ef útlit er fyrir batnandi veður og líkur eru á að leikur/leikir geti farið fram síðar sama dags. Allar ákvarðanir um frestun/færslu leikja skulu birtar á heimasíðu ÍHÍ.

#### Meginregla varðandi helgarmót barna:

Að undirbúningur ferðar sé með eðlilegu móti að gert sé ráð fyrir að ferð sé farin og að lið/félög reikni með að fara en endanleg ákvörðun sé tekin klukkan 20.00 daginn fyrir ferðadag. Allar ákvarðanir um frestun/færslu leikja skulu birtar á heimasíðu ÍHÍ.

#### Ákvörðun:

Ákvörðun um hvort leikur skal fara fram er tekin af formanni mótanefndar ÍHÍ/framkvæmdastjóra ÍHÍ að höfðu samráði við fólksflutningsfyrirtæki, Vegagerð, Veðurstofu og aðra þá aðila sem sem þeir telja nauðsynlegt að ráðfæra sig við.

#### Úrslit/refsingar:

Félög sem fresta ferðalagi sínu fyrir þann tíma sem fram kemur í reglum hér á undan geta átt á hættu að leikur/mót verði sett á þrátt fyrir það. Leikir þess teljast þá tapaðir. Úrskurður um það ásamt sekt skal tekin af stjórn ÍHÍ.

#### Hvenær skal leikur settur á – Meginregla

Áður en keppnistímabil hefst skulu félög gefa upp hvaða dagar telst varadagur/dagar þeirra. Varadagar teljast þeir dagar sem félagið hefur aðgang að ís til halda leik, en eru ekki þeir dagar sem í upphafi voru gefnir upp sem fastir keppnis dagar til mótanefndar.

Meginreglan er sú að frestaður leikur skal settur á eins fljótt og mögulegt er. Þ.e. leikurinn skal settur á fyrsta lausa varadag. Ef ágreiningur er milli félaga um hvort varadagurinn og tímasetning leiksins telst ásættanleg eður ei skulu formaður ÍHÍ, formaður mótanefndar ÍHÍ og framkvæmdastjóri ÍHÍ skera úr um það.

*Samþykkt á Íshokkíþingi, 11. maí 2019.*